

Knattspyrnuval

Kynning á námsgreininni og kennsluaðferðir

Í knattspyrnuvali er áhersla lögð á virkni og góð vinnubrögð í tímum. Farið verður í helstu helstu grunnatriði knattspyrnunnar auk þess að auka hæfni og leikskilning einstaklinga í íþróttinni. Þættir sem unnið verður í eru t.d. sendingar, tækni, ákvarðanatáka, skotttækni, transition (að skipta úr vörn í sókn og öfugt) o.fl. Hæfniviðmið fyrir knattspyrnuval eru metin jafnt og þétt yfir skólaárið

Grunnþættir menntunar

Í knattspyrnuvali fá nemendur fjölbreytta þjálfun í knattspyrnu og öðrum þáttum sem snúa að henni. Áhersla er lögð á að fá nemendur til að bera ábyrgð á eigin þjálfun og heilsu auk þess að þeir fái fræðilega umfjöllun um mikilvægi markvissar ástundunar, hollra lífshátta og heilsuræktar. Þá fara einnig fram umræður um andlega þáttinn og mikilvægi hans í íþróttum.

Unnið er með eftirtalda þætti út frá þroska og aldurstigi nemenda:

- Einstaklingsmiðaðar knatttækniæfingar í knattspyrnu og æfingar með félagam
- Mikilvægi liðsheildar, samvinnu og útsjónasemi í leikjum
- Að auka hæfni nemenda í knattspyrnu
- Að auka skilning nemenda á mikilvægi þjálfunar líkamans bæði andlega og líkamlega.
- Að auka skilning nemenda á mikilvægi andlega þáttisins í knattspyrnu

Hlutverk og vinnulag nemandans

- **Samskipti:** Nemendur sýni samnemendum sem og öðrum virðingu. Tileinki sér jákvæðni, tillitsemi og kurteisni.
- **Mæting:** Nemendur temji sér stundvísi.
- **Virki í tímum:** Nemendur taki virkan þátt í kennslustundum
- **Fatnaður:** Nemendur mæti í íþróttafötum og knattspyrnuskóm í kennslustundir.
- **Skyldur nemenda:** Nemendur fari eftir skóla- og húsreglum, fylgi fyrirmælum kennara og starfsfólks vallahúss/íþróttahúss. Nemendur mega ekki fara inn í íþróttasali án íþróttakennara.
- **Skyldur kennara:** Kennarar aðlaga kennsluhætti að þroska og getu nemenda og einstaklingsmiða þar sem það á við. Kennarar aðstoða nemendur við að ná settum markmiðum og ráðleggja.
- **Farsímar:** eru ekki leyfilegir í kennslustundum nema með leyfi kennara. Verðmæti: skulu ávallt geymd í þar til gerðum geymsluhólfum hjá húsvörðum. Kennari tekur ekki ábyrgð á verðmætum nemenda.
- **Meiðsli:** Geti nemandi ekki tekið fullan þátt í knattspyrnuvali vegna meiðsla er ætlast til að aðstandendur hafi samband við íþróttakennara. Nemendur eru auðvitað velkomnir í kennslustundir með séræfingar á hliðarlínu.
- **Undanþágur vegna keppni utan skóla:** Þjálfari getur ekki beðið um leyfi fyrir nemendur, leyfisbeiðni verður að koma frá aðstandanda.
- **Leyfi:** Aðstandendur hafi samband við ritara skólans sem sér um leyfisráningar.
- **Stoðþjónusta Nemenda:** Unnin í samráði við íþróttakennara og sérkennara skólans auk stjórnenda.
- **Yfirmarkmið kennslu í knattspyrnuvali:** Að nemendum líði vel í tímum, fái viðfangsefni við hæfi og öðlist frekari

skilning og hæfni í knattspyrnu